

MYNDLISTA-
OG HANDÍÐASKÓLI
ÍSLANDS

The Icelandic College of Art and Crafts

Skipholti 1, 105 Reykjavík, Iceland

Telephone: 354-1-19821 Telefax: 354-1-623629

Dags.: Date: November 12, 1993.	Blaðsíðufjöldi: (þessi meðtalín) Number of pages: (this page incl.) 1
Viðtakandi: To: Steina Wasulka Fax 901 - 505 - 4730614	Sendandi: From: Kristján Steingrímur Jónsson

Efni: Varðandi kennslu við skólann 04.01.-28.01.1993.

Sæl Steina.

Það hefur komið í ljós að Hagstofa Íslands finnur ekki gögn um þig. Meðan svo er þurfum við að höndla þig (pappírslaga) eins og útlending, þ.e. að sækja um atvinnuleyfi, landvistarleyfi o.fl. Þetta er óþarfi og flækir málið. Hafir þú íslenskan ríkisborgarrétt bið ég þig að senda mér nafnnúmer þitt og ljósrit af íslensku vegabréfi þar sem fram kemur vega bréfsnúmer og mynd af þér. Ég vona að þetta sé ekki mikil fyrirhöfn en allt kerfið hér er orðið flóknara varðandi þessu mál.

Varðandi farseðil held ég að best sé að þú bókir þig sjálf, sendir okkur upplýsingar um verð farseðils og skólinn sendir þér ávísun um hæl. Mundu bara að skólinn þarf kvittun um kaup á farseðli eins vantar rétt pósthöfund hjá þér. Ef þú vilt hafa annað fyrirkomulag á þessu, láttu mig vita.

Í sambandi við tæki. Er ekki nóg að hafa myndbandstæki (video-spilara) sem tekur öll kerfi til útspilunnar á skjá (monetor)? Ef þetta er flóknara þarf ég upplýsingar.

Herbergi í íbúð skólans stendur þér til boða. frá komu þinni í janúarbyrjun til 31. jan.

Vona að ég heyri frá þér sem allra fyrst.

Kveðja.


Kristján Steingrímur, deildarstjóri.

Íbúðin er reyndar laus yfir jólin. ef þú kynnir að vilja vera hér. Það er líka í lagi að dvelja fram í febrúar ef þú vilt, en frá og með febrúarh. kemur annar kennari einnig í íbúðina..

MYNDLISTA- OG HANDÍÐASKÓLI ÍSLANDS

The Icelandic College of Art and Crafts, Skipholti 1, 105 Reykjavík, Iceland
Tel: 354 1-19221

Steina Vasulka
Route 6
Santa Fe
New Mexico

Reykjavík 23. nóvember 1993.

Ágæta Steina!

Við höfum verið að skoða hér hvernig best væri að haga farmiðakaupum fyrir þig og höfum komist að þeirri niðurstöðu að það er líklega hagstæðast að þú kaupir miðana þarna úti. Þú þarft því að láta okkur vita hvað flugmiðarnir kosta svo og áætlunarbíllinn til Albuquerque og svo bætum við Keflavíkurleiðinni við. Það er heppilegast að símsenda þér ávísun, svo þú þarft að gefa okkur upp nafn bankans og reikningsnúmerið sem þú vilt að við sendum ávísunina á. Við vonumst eftir að heyra frá þér við fyrsta tækifæri svo hægt sé að ganga frá málinu. Með bestu kveðju

Hanna

Hanna Bachmann
kennslufulltrúi

**MYNDLISTA-
OG HANDÍÐASKÓLI
ÍSLANDS**

The Icelandic College of Art and Crafts
Skiopholti 1, 105 Reykjavík, Iceland
Telephone: 354-1-19821 Telefax: 354-1-623629

Dags.: Date: November 12, 1993.	Blaðsíðufjöldi: (þessi meðalin) Number of pages: (this page incl.) 1
Viðtakandi: To: Steina Wasilka Fax 901 - 505 - 4730614	Sendandi: From: Kristján Steingrímur Jónsson

Efni: Varðandi kennslu við skólann 04.01.-28.01.1993.

Sæl Steina.

Það hefur komið í ljós að Hagstofa Íslands finnur ekki gögn um þig. Meðan svo er þurfum við að höndla þig (pappírslega) eins og útlending, þ.e. að sækja um atvinnuleyfi, landvistarleyfi o.fl. Þetta er óþarfi og flækir málið. Hafir þú íslenskan ríkisborgarrétt bið ég þig að senda mér nafnnúmer þitt og ljósrit af íslensku vegabréfi þar sem fram kemur vega bréfsnúmer og mynd af þér. Ég vona að þetta sé ekki mikil fyrirhöfn en allt kerfið hér er orðið flóknara varðandi þessi mál.

Varðandi farseðil held ég að best sé að þú bókir þig sjálf, sendir okkur upplýsingar um verð farseðils og skólinn sendir þér ávísun um hæf. Mundu bara að skólinn þarf kvittun um kaup á farseðli eins vantar rétt pósthfang hjá þér. Ef þú vilt hafa annað fyrirkomulag á þessu, láttu mig vita.

Í sambandi við tæki. Er ekki nóg að hafa myndbandstæki (video-spilara) sem tekur öll kerfi til útspilunnar á skjá (monetor)? Ef þetta er flóknara þarf ég upplýsingar.

Herbergi í íbúð skólans stendur þér til boða. frá komu þinni í janúarbyrjun til 31. jan.

Vona að ég heyri frá þér sem allra fyrst.

Kveðja.

Kristján Steingrímur
Kristján Steingrímur, deildarstjóri.

Íbúðin er reyndar laus yfir jólin. ef þú kynnir að vilja vera hér. Það er líka í lagi að dvelja fram í febrúar ef þú vilt, en frá og með febrúarb. kemur annar kennari einnig í íbúðina..

FAX

THE VASULKAS

FAX

TO: Kristján SteingrímurFROM: SteinnDATE: 11-15PAGES: 4 = THIS ONE, TRAVEL ITENARY + 2 COPIES OF PASSPORT

Hér er kopia af pöllum um og Ameríska innflyfandarkortinu. Ég þorfa skatta kór og ekki heimis - skattarnúmer mitt: 097-42-3891 (social security #).

HEIMILISFANG: ROUTE 6, BOX 100 SANTA FE NM 87501, USA. (ÉG BY ÚTI Í SUEIT)

ÉG ER BYRJUÐ AÐ TALA VIÐ FERÐASKRIFSTOFU, FÆ KOSTNAÐARUPPLÝSINGAR SEINNA Í VIKUNNI. *) ÉG KEM MEÐ EIGIN SPILARA (VIDEO NI-8) OG ÞARF SKJÁ SEM TEKUR NTSC (AMERÍSKT) KERFI MEÐ 3.8 MEGANERZ LIT (GÓMUL TÆKI NAFA OFT 4.5 MH, SEM MUNDI SPILA MÍNAR SPÓLUR SMART-HVÍTAR - NO GOOD!)

* ÞAD VAR ALLT UPPSELT TIL 3. JANÚAR, ÞAD VÆRI GOTT AÐ KOMAST Í ÞAD ÁÐUR EN SKÓLINN BYRJAR... ALBUQUERQUE ER 100KM FRÁ SANTA FE, BUSSINN ER 2X20 = \$40, VIÐ ÞAD BÆTIST KEFLAVÍK/RVK. BEST ER AÐ FÁ AVÍSUN Á U.S. BANKA ÁÐUR EN ÉG VERÐ AÐ BORGA HÉR LÍNAN 3GGJA

ROUTE 6 BOX 100 SANTA FE NEW MEXICO 87501 PHONE 505-471-7181 FAX 505-473-0614

VIKNA.

BESTU KVEÐJUR, Steinn

RD C1EZA1P



326 McKenzie Street - P.O. Box 8399
Santa Fe, NM 87504-8399 (505) 984-0022
(800) 283-0122 FAX (505) 984-8460

Invoice No. ITINERARY INVOICE
PAGE NO. 1

To:

FAX# 473 0614

Traveler: VASULKA/STEINA

Agent
MARTHA

PLEASE RECONFIRM YOUR FLIGHT RESERVATIONS
24 HOURS PRIOR FOR DOMESTIC TRAVEL
72 HOURS PRIOR FOR INTERNATIONAL TRAVEL

Date
15NOV93

01"0020"20

Day	Date	City-Airport	Time	Carrier	Flight & Class	Service-Amount
A	MO	03JAN	LV ALBUQUERQUE AR CHICAGO-OHARE	AMERICAN	1712M OK	SNACK OSTOP M80
A	MO	03JAN	LV CHICAGO-OHARE AR BALTIMORE-BWI	AMERICAN	552M OK	SNACK OSTOP M80
A	MO	03JAN 04JAN	LV BALTIMORE-BWI AR REYKJAVIK-KEF	ICELANDAIR	642Q OK	DINNER OSTOP 757
A	SA	29JAN	LV REYKJAVIK-KEF AR FT LAUDERDALE	ICELANDAIR	671Q OK	LUNCH OSTOP 757
A	SA	29JAN	LV FT LAUDERDALE AR DALLAS-FT WORTH	AMERICAN	613V OK	DINNER OSTOP 727
A	SA	29JAN	LV DALLAS-FT WORTH AR ALBUQUERQUE	AMERICAN	1531V OK	OSTOP M80
						AIR FARE 874.00
						TAX 42.16
						TOTAL AIR FARE 916.16
						AMOUNT DUE 916.16
THANK YOU FOR YOUR BUSINESS						
						SANTA FE / ALBUQ BUS 40.00
						KFLVK / RVK "
TOTAL						

C1E 00155 11/152258

CASH CHECK CREDIT CARD REFUND CHANGE

PLEASE REFER TO THE REVERSE SIDE FOR IMPORTANT INFORMATION

Augnalitur
Colour of eyes
Couleur des yeux

BLÁR - BLUE

Hæð
Height
Taille

170 CM

Kyn
Sex
Sexe

FEMALE

Kennitala
Pers. Code No.
No. d'identité

30.01.40.3359

Sérkenni
Peculiarities
Signes particuliers

ENGLE - NONE

Heimili
Residence
Domicile

NEW MEXICO, U.S.A.

Börn
Eiginnöfn
Given names
Prénoms

Children
Fæðingardagur og ár
Date of birth
Date de naissance

Enfants
Kyn
Sex
Sexe

Fæðingarstaður
Place of birth
Lieu de naissance

REYKJAVÍK

ÍSLAND

Fæðingardagur og ár
Date of birth
Date de naissance

30 JAN. 1940

Undirskrift vegabréfshafa
Signature of holder
Signature du titulaire



Steinn Vaerhls

Vegabréf þetta gildir fyrir öll lönd
This passport is valid for all countries
Ce passeport est valable pour tous pays

Vegabréfið gildir til

This passport expires on 14 AUGUST 2000

Ce passeport expire le

Útgefið

Issued at
Délivré à

NEW YORK

hinn

on
le

14 AUG. 1990

Stjórnvald
Authority
Autorité

Helgi Björnsson
CONSUL GENERAL



Alien Registration Receipt Card
100-10-110

This card will be issued in lieu of your I-94 upon arrival in the U.S. and is not valid until it is cancelled or until it expires on 24th of July of the year of Federal Registration. You must not allow your status to expire and you must apply for extension of status if you are to remain in the U.S. for more than 90 days after your temporary admission. Immigration and Naturalization Service officers will advise you of the date when you should apply for another document. Notify I&N Service of all direct and indirect changes of address within or outside the U.S. and within or outside the U.S. after each change of address - obtain forms from any Immigration or Post Office. Always include your "A" number in communications to I&N Service.



Petta vegabréf er síður
This passport contains 32 pages
Ce passeport contient pages

VEGABRÉF
PASSPORT · PASSEPORT
ÍSLAND
ICELAND ISLANDE

Nr. vegabréfs
No. of passport
No. du passeport A 72834

Kenninafn
Surname **BJARNADÓTTIR VASULKA**
Nom _____

Eigin nafn
Given names
Prénoms **STEINUNN**

Nationality Ríkisfang Nationalité
ICELANDIC ÍSLENSKT ISLANDAISE

8467-6365

This is to certify that

VASULKA, STEINUNN

A14 866 246 REGISTRATION NUMBER

has been duly registered according to law and was admitted to the United States as an immigrant at

PORT	MO. DAY	YR OF ENTRY	CLASS	MO. DAY YR OF BIRTH	SEX
NYC	R	2 '71	4-2	01/30/40	F

Commissioner of Immigration and Naturalization
UNITED STATES DEPARTMENT OF JUSTICE
20
IF 18 YEARS OF AGE OR OLDER, YOU ARE REQUIRED BY LAW TO HAVE YOUR PHOTO TAKEN AT ALL TIMES

Skott**LISTFLUTNINGAR HF.
ART HANDLING LTD.**Address:
Urriðakvísi 10
110 Reykjavík
Iceland

Telefax Message

Date: 15.12.97
To : Ormesani
Artn. Mr. Davide
Re : "Icelandic Pavillion" pick up at Venice Biennale.Tel. Intl.: 354- 567 9922
Fax. Intl.: 354- 567 9005
Mobile. Intl.: 354- 893 9116
Kt: 540689-1809
VSK no. 13573

Dear Mr. Davide

Thanks for your fax this morning. I am glad that you are going to arrange this service in Venice, and I know that the artist is even more happy about it.

We at Skott Art Handling are paying for this service.

The first consignee is: UNTITLED Fine Art Service INC
2910 B 4th st. NW
Albuquerque, NM 87107
USA

tel: intl- 505 344 9994
fax: intl- 505 344 9989
attn: Mrs. Deborah Gardner

Albuquerque Airport is an International Airport so there is no problem in booking this shipment from Italy through one of the bigger airports in USA such as Houston, Dallas or New York.

Please confirm by telefax when you have ready the AWB so I can alert the consignee in Albuquerque.

Best regards

Helgi Bjarnason



THE VASULKAS

ATT: Gunnar Kvarn

Gunnar minni!

Sendu mér mi svona bara þín-
litla nótu um hvern sýngurmi

í Vönu & Lokid.

Kæran Kveðji

Sh...

6/6 → 6/7 '97

Kveðji

Gunnar.

July 4, 1997

Ormesani SRL
Viale Galilei 16
Marco Polo Airport
30030 Tissera, Venice

Att: Mr. Davida

Dear Mr. Davida,

As per our conversation yesterday, I sent a replacement video projector from Albuquerque, New Mexico, directly to your address. It is to be delivered to the Nordic pavillion, to Mr. Mats Stjernestedt. I found it saver to dend it directly to you after the disasterous delivery problems of the previous shipment. If there is an extra delivery charge, please bill me, I can give you Visa or Master card number. But please deliver as soon as you can as it is needed in the show. Below are all contacts on me, do not hesitate to contact me if neccessary.

All Best,



Steina Vasulka
artist in the Icelandic pavillion

Skott**LISTFLUTNINGAR HF.
ART HANDLING LTD.**Address:
Urriðakvísl 10
110 Reykjavík
Iceland

Telefax Message

Date: 18.06.98
To : Steina Vasluka
Re : UntitledTel. Intl.: 354- 567 9922
Fax. Intl.: 354- 567 9005
Mobile. Intl.: 354- 893 9116
Kt: 540689-1809
VSK no. 13573

Kæra Steina.

Eg sendi þér eftirfarandi þar sem þú baðst um ákveðnar upplýsingar vegna ókláraðs máls milli Skott og Untitled. Eg er búinn að gefa boltann til Untitled, en ekki fengið viðbrögð þaðan enn. Eg reikna með að Bailie hafi talað við þig út af þessu máli.

Eftirfarandi er skv. dagbók minni það sem ég þurfti að hafa af klúðurmáli Untitled að segja, og þá er örugglega ekki allt skráð í mína ágætu bók sem tengdist þessum flutningum.

3. júní 97. Tilkynnt af Untitled að sendingu sem þeir lofuðu inn á Venice í síðasta lagi 04.06.97, seinki. Eg hringi á Untitled, sendi fax og eyði a.m.k. 2 klst í að fá upplýsingar, en fæ engar.
4. júní 97. Kostnaður: fax og sími Kr. 1000.- Vinna: kr. 6.000.-
5. júní 97. Hringt til USA x 5, Hringt til Rómur x 2 (Alitalia) Hringt til Venice x 3 (Biennale Transportation) Sími og fax: kr. 4.500.- Vinna 10.000.-
6. júní 97 Hringt á Biennale Trsp. Venice x 2, Alitalia í Róm x 1, Untitled x 2. Kostnaður: sími og fax: Kr. 2.500.- Vinna 8.000.-
7. júní 97 Hringt til Auðar í Venice x 3, Fax á Auði x 1, hringt yil USA, Voody x 1, hringt til Untitled, Bailie heima x 2, hringt á Biennale Transp. x 1 Alitalia Róm x 1 Kostnaður: sími og fax 4.500.- Vinna 12.000.-
9. júní 97 Fax á Untitled, Hringt til sama, hringt til Venice x 2 Kostnaður: Sími og fax: 2.000.- Vinna 9.000.-

Þarna er aðeins um að ræða þann tíma og útgjöld sem ég skráði varðandi þetta mál. Ekki er tekið tillit til þess að ég hafði ráðgert helgaferð í sveitasæluna í Borgarfirði helgina 7.og 8. júní með fjölskyldu og vinum, en hatti við vegna þess að ég vildi vera við símann ef ég gæti gripið inn í flutningsmálin, og eins verið í sambandi við Auði í Venice, auk þess að ýta á aðila að afhenda sýninguna eins fljótt og hægt yrði.

Eg greiddi Ormesani jafnvirði USD 181.- fyrir tollafgreiðslu, og mín reiknuðu laun og síma/fax kostnaður er skv. ofanskráðu USD 832.-

Untitled rukkar skv. reikningi USD 1989.36, auk USD 210.- v/endum sendingar sem ekki eru áhöld um að Skott borgar.

Eg get svo sem sæst á að greiða Untitled mismuninn, USD 976.36

Kveðja Helgi Þjarnason

Skott**LISTFLUTNINGAR HF.
ART HANDLING LTD.**Address:
Urriðakvísl 10
110 Reykjavík
Iceland

Telefax Message

Date: 15.05.97
To : Steina Vasulka
Re : Exhibitions in Venice and Vilnius.Tel. Intl.: 354- 567 9922
Fax. Intl.: 354- 567 9005
Mobile. Intl.: 354- 893 9116
Kt: 540689-1809
VSK no. 13573

Kæra Steina.

Nú nýlega var ég beðinn um af Auði Ólafsdóttur að annast flutning á verkum þínum til Feneyja, á Biennialinn þar. Nú er nákvæmlega mánuður til opunar sýningarinnar svo að við höfum nægan tíma til að fljúga verkunum yfir til Feneyja.

Þar sem ekki er hægt um vik fyrir mig að fá góða pakkara á þínu svæði til að pakka verkunum þá bið ég þig að fá aðila sem þú treystir til að pakka þínum hlutum til flutnings. Auður sagði mér í gær að það væru nokkrir hlutir í Pittsburg að ég held. Þessa hluti þaritt þú að láta senda þér og sameina aðalsendingunni. Þegar þú hefur fengið allt útbúið klárt til flutnings þá læt ég taka sendinguna og koma henni inn á sýningar skálann í Feneyjum. Allur kostnaður greiðist af ráðuneyti menntamála hér á Islandi. Ef einhver er í sambandi við greiðslur þá getur þú látið þökkunaraðilann hafa samband við mig og ég geng frá greiðslu við hann. Þegar allt er klárt (í einni sendingu) þá láttu mig vita strax, svo ég geti komið þessu af stað. Eg sé svo um að tryggja o.s.frv.

Vilnius: Gunnar Kvaran hringdi í mig í morgun og sagði mér af samtali ykkar varðandi einhverja muni sem þú ætlar að senda frá þér í USA til Vilnius. Eg kom af fjöllum, enda ekkert haft samband við mig út af slíku. Eg hins vegar sendi tvo kassa með ínum munum frá Kjarvalsstöðum áleiðis til Vilnius 07.05. sl. ásamt verkum annara listamanna.

Ef þú ætlar að senda frá þér einhverja muni, þá verður þú að senda þá beint frá Albuquerque til Vilnius (í gegn um NEW York og t.d. Stockholm)

Móttakandi er: The Contemporary Art Center of Vilnius
c/o Mr. Kestutis Kuizinas
Vokieciu 7
2024 Vilnius
Lithuania.

Þú lætur bara festa Proforma reikning frá þér aftan á farmbréfið og þeir í Vilnius sjá um að tollafgreiða verkin. Ef eitthvað er óljóst varðandi þessa flutninga, þá hafðu samband sem fyrst svo að ég geti aðstoðað ef þarf.

Bestu kveðjur

Helgi Bjarnason





LISTFLUTNINGAR HF.
ART HANDLING LTD.

Address:
Urriðakvísl 10
110 Reykjavík
Iceland

Tel. Intl.: 354- 567 9922
Fax. Intl.: 354- 567 9005
Mobile. Intl.: 354- 893 9116
Kt: 540689-1809
VSK no. 13573

Telefax Message

Date: 15.05.97
To : Steina Vasulka
Re : Venice sýning.

Kæra Steina.

I framhaldi af samtali við Auði Ólafsdóttur í dag staðfesti ég að síðasti dagur til að senda verkin þín frá Albuquerque er 28. maí. Verkin verða að vera pökkuð og klár til flutnings ekki síðar en þann 27. maí. Þetta er vegna þess að sendingin þarf að fara á alls fjóra flugvelli, þannig að við verðum að gera ráð fyrir a.m.k. einum degi á hvern stað, og síðan 2-3 dögum til tollafgreiðslu og flutnings frá flugvelli inn á sýningarsvæði.

Sendingin verður að vera klár inni í sýningarsalnum ekki síðar en 5. júní.

Þetta eru fyrirmæli frá Auði Ólafsdóttur.

Hvað varðar kostnað við pökkun og sendingu til Venice þá er bara að hafa samband við mig frá pökkunaraðilanum og ég gef honum upp creditkortanúmerið mitt að undangenginni kostnaðaráætlun.

Varðandi flutninginn sjálfan þá get ég látið bóka sendinguna og greitt hana hér á Íslandi þegar fyrir liggur fjöldi kassa og þyngd og rúmmál sendingarinnar. Jafnframt lét ég vita hvert á að skila sendingunni í ABU.

Ef sendingin verður ekki til þann 27. maí er ekki hægt að tryggja að hún verði komin í tæka tíð fyrir forsýningu hinn 10. júní.

Ef fleiri spurningar vakna þá hafðu samband, annars láttu pökkunar aðilann hafa samband við mig beint, og þegar upplýsingarnar liggja fyrir varðandi þyngd, rúmmál og fjölda þá bóka ég flugið og tryggi sendinguna inn á sýningarsalinn.

Með bestu kveðju

Helgi Bjarnason



**LISTFLUTNINGAR HF.
ART HANDLING LTD.**

Address:
Urriðakvisti 10
110 Reykjavík
Iceland

Telefax Message

Date: 12.06.98

To : UNTitled

Attn: Mr. Bailie

Re : Steina Vasulka shipment to Venice and back to ASU.

Tel. Intl.: 354- 567 9922

Fax. Intl.: 354- 567 9005

Mobile. Intl.: 354- 893 9116

Kt: 540689-1809

VSK no. 13573

At last I have been through my file for this shipment.

I have been over this whole unfortunate matter with my lawyer and we have come to the following conclusion, even though I personally would like to handle this matter like when I buy a bad apple, I return it without a payment.

1. Untitled offered May 23rd 1997 a Door to Door service for Steina's works from Santa Fe to Icelandic Pavillion Venice. Deadline for this delivery was June 5th. In a fax from Untitled the same as the offer is estimated arrival time in Venice June 1st.
2. May 24th I agree to Untitled Door to door offer from the day before.
3. On Monday June 09th 1997 the shipment has not been delivered in Venice. I sent you a URGENT fax that day, see copy.
4. You offered door to door service and still I have paid an invoice no 4115 from ORMESANI SPEDIZIONI for Customs clearance for a shipment arriving under AWE 055-4268 4202, that is the same shipment that UNTITLED offered door to door service on.
5. I did spend a lot of time and money on faxing and phoning both to USA and Italy over periode of several days to try to take over the mess you made of this shipment.

As you surprised that I did put your invoice on "HOLD" when looking facts as above.

Unfortunately I have not yet paid the invoice for the return service but will do so next week. Untitled has been on "HOLD" in Skott and that is the reason the USD 210 something has not been paid.

but if you are still going to charge me for the whole amount in the invoice for the shipment to Venice me and my lawyer will not agree on that, I have already paid some of the service offered by UNTITLED to an Italian company. However Skott will pay for the packing of Steina's works but not for the "door to door". I myself would never send an invoice for a job I totally messed up like you did in this matter. So please let me have you response to this message so we can close this case.

Regards

Helgi Bjarnason

UNTITLED®

2910 B 4th St. NW
Albuquerque, NM 87107
505-344-9994
FAX 505-344-9989
ArtServices@untitledfas.com**FAX TRANSMITTAL SHEET****DATE:** June 13, 1998**TO:** Steina Vasulka**ATTN:****FAX#:** 473-0614**Total number of pages:** 2

Steina,

Well we finally got a response from Helgi, and a damn fine response it is (see following page). I am not as upset about the fact that they are not going to pay UNTITLED® for the shipping charges as I am about the fact that he could have told us all this 10 or 11 months ago. But he waits almost a year and does things like pretend that he thought it was paid or that he does not know why it has not been paid (when in fact he admits in his FAX that he just put the invoice on "HOLD"), does not respond to FAXes and just handles this in a truly unprofessional manner. If he would have told us this a long time ago we could have remembered all the little details needed to negotiate a settlement. Things like wrong telephone/FAX numbers received from Helgi, not receiving the master airway bill from the freight forwarder, misinformation from the freight forwarder and the airlines doing the shipping. He makes it seem like he was the only one who spent time, money and energy trying to get the shipment to Venice and delivered. It must be nice to be perfect like Helgi and never have a shipment go wrong or get out of control. And then there is the threat of lawyer. He better keep on the good side of his lawyer as the way he does mess he is probably going to need a lawyer someday.

Anyway, that felt good to get out. I feel a lot better now. Needless to say I am a little upset and greatly disappointed in Helgi's actions. Oh well, another learning lesson. I will wait a few more days to calm down before I send a response.

See you on Monday,





K J A R V A L S S T A Ð I R

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
THE REYKJAVÍK MUNICIPAL ART MUSEUM

Steina Vasulka
Route 6
Box 100
Santa Fe
New Mexico 87501
Fax: 505-473-0614

Kæra Steina,

Takk fyrir síðast. Nú er ég að skipuleggja sýningu á íslenskri samtímalist í Nútímalistsafninu í Vilnías í Lithán sem opnar 21. nóvember 1996. Ég vil gjarnan hafa verk eftir þig á sýningunni ef mögulegt er. Ég er að hugsa um eld-verkið sem þú sýndir hjá okkur. Hvaða tæki þarf til að sýna það. Þetta er eins og alltaf low-budget sýning.

Á sýningunni verða enn fremur :

Birgir Andrésson
Jóhann Eyfells
Georg Guðni
Finnbogi Pétursson
Ólafur Gíslason.

Hafðu samband sem fyrst,
Kveðja,



Gunnar.

THE VASULKAS

Sunday, September 3, 1995

Gunnar Kvaran
Director
Kjarvalstadir
Iceland

Dear Gunnar,

Thinking about my exhibition, I need you to refresh my mind on several points. Is the duration of the show four or five weeks? What is the opening date and when will the show end?

For the exhibition I will need 4 video projectors, 4 laser disc players with one synchronizer, 2 complete stereo sound systems and 16 to 20 laser discs.

I presume that the city museum will provide the 2 stereo sound systems (2 amps and 4 speakers), if I provide the rest of the equipment. Following is my budget.

EQUIPMENT RENTAL FROM VASULKAS

4 laser discs players @ \$300 ea. (American Standard NTSC)	\$1,200.00
4 video projectors @ \$500 ea.	2,000.00
1 synchronizer	250.00

EXHIBITION COSTS

16 laser discs (Production and Manufacture)	4,800.00
assembly and installation	650.00
administration	150.00
Shipping - US to Iceland / Iceland to US	1,600.00

TOTAL \$10,650.00


As you can see in the list above 16 of the laser discs need to be made for this show. Is there any way that the museum can chip in or pay this expense necessary for the exhibition? Do you still want me to make a selection of works for your library? How many hours would you like? Is there a budget for this project? If the work needs to be in PAL format, there will be a transfer cost.

As for the catalogue, I think that I have a good writer here in Santa Fe. I need to know the length of the written material you have in mind and how much funding you have for the writer's participation.

We discussed that the museum will cover the cost of my airfare and accommodations and I will give a short talk at each program change.

Please let me know your thoughts on the above. I look forward to hearing from you.

Sincerely,

A handwritten signature in cursive script, appearing to read "Jain".

THE PIECES IN THE EXHIBITION ARE:

P.S. Tentative ~~Title~~ for the show: Tokyo 4

Ptolemy

Vocalizations

Pyroglyphs

?

Funafold 13,
112 Reykjavík,
18.11.1997

Steina Vasulka,
RR6, Box 100,
Santa Fé, NM 87501,
USA

Kæra Steina,

Ég vona að þú sért hress og kát og tiltölulega ósködduð á sál og líkama eftir Feneyjarævintýrið. Mér tókst því miður ekki að komast til Feneyja, of miklar hræringar í íslensku myndlistarlífi komu í veg fyrir það, en fylgdist með sýningunni þar í gegnum blöð, tímarit og aðra fjölmiðla. Ég heyrði líka á þeim sem verið höfðu í Feneyjum að þitt framlag hefði líkað vel. Og er það auðvitað vel.

Sjálfur notaði ég haustið til þess a) að leggja drög að ævisögu/mónógrafíu um Sigurjón Ólafsson sem ég kem til með að vinna allt næsta ár á vegum Safns Sigurjóns hér í Reykjavík, b) til að undirbúa fyrirlestra um íslenska myndlist sem ég fór með þvert yfir Kanada í okt.-nóv. Ferðin var skipulögð af íslensk-kanadísku klúbbunum í Kanada, í samstarfi við nokkur söfn og listaskóla.

Þetta var mikil ferð, ég fór frá Halifax í austri til Victoria í vestri, með viðkomu í Vancouver og Seattle. Alls talaði ég sextán sinnum á tólf stöðum í Kanada, sem var á allan hátt afar lærdómsríkt.

Ég notaði líka tækifærið og átti viðræður við safnafólk um gjörvallt Kanada, til að athuga hvort ekki mætti fá það til að taka inn íslenska myndlist eða myndlistarsýningar. Áhuginn reyndist frammar öllum vonum, ekki bara á stöðunum þar sem Íslendingar eru margir og völdugir, heldur einnig annars staðar, þar sem menn höfðu heyrt tröllasögur af íslenski nútímamyndlist.

Ég er þegar kominn í gang með ein þrjú "prójekt" sem mig langar að "selja" þessum kanadísku söfnum - og þá á ég við söfn eins og Art Gallery of Ontario, söfnin í Windsor, Winnipeg, Calgary, Edmonton og Vancouver, kannski líka Seattle. Þá er ég að hugsa um árið 1999-2000.

Ein hugmyndin gengur út á að tefla saman þremur Íslendingum sem allir vinna í einhvers konar "multimedia", búa allir utan Íslands, og eru allir, með einum eða öðrum hætti að "yrkja sig heim" með verkum sínum. Sýningin gæti heitið "Elsewhere". Þá er ég með í huga einhvers konar media-verk eftir þig með íslenskum efnivið, skermum, hljóði o.s.frv. Í annan stað er ég að hugsa um verk - sennilega installasjón - eftir Ólaf Elíasson, sem notar mikið bæði tákni og fyrirbæri sem sprottin eru beint upp úr íslenskum veruleika, aðallega upp úr landslaginu. Í þriðja lagi, og vertu nú ekki standandi hissa, langar mig að hafa með installasjón með Björk, sambland af vídeómyndunum hennar, tónlistinni og textum, en allt er þetta uppfyllt með vísanir í veruleika hennar sem "fjarverandi Íslending".


Ég hafði einmitt milligöngu um að nota slíkt efni frá henni fyrir sýningu á Moderna museet fyrir tveimur árum, og það heppnaðist mjög vel.

Ég er búinn að fá grænt ljós frá Björk, er á höttum eftir Ólafi (sem nú er mjög eftirsóttur af safnafólki í Evrópu) - hef góða von um samþykki hans - og legg nú dæmið fyrir þig.

Þú hefur þetta kannski í þagnargildi einhvern tíma, a.m.k. þangað til ég er búinn að ganga frá þessu við Ólaf, en ég vona samt að þú látir tilleiðast. Þetta gæti orðið þýðingarmesta sýning á íslenskri myndlist í Kanada til þessa. Og safnafólkið þar fullvissar mig um að Björk ein og sér muni draga að mikinn fjölda ungs fólks sem venjulega sniðgengur söfnin.

Ef þú hefur áhuga á að vera með, þætti mér vænt um að fá frá þér línu, svo og nokkra katalóga sem ég gæti notað þegar ég fer að útbúa "pakka" til að senda söfnunum. Taki söfnin sýninguna munu þau útbúa veglega skrá, og ég er þegar búinn að taka loforð af þekktasta gagnrýnanda Kanadamanna, Gary Dault, um að skrifa í slíka skrá.

Hafðu það svo gott í bráð og lengd,



Aðalsteinn Ingólfsson